

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Dorv. K. Dorsteinsson.

Nr. 291.

3. október 1973.

REGLUGERÐ

um starfssvið lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Lögreglustjórinn í Hafnarhreppi hefur á hendi dómsvald í Hafnarhreppi að öllu leyti, bæði í opinberum málum og einkamálum, þar á meðal í fúgetaréttar-, skiptaréttar- og uppboðsréttarmálum. Hann hefur á hendi þinglýsingar í Hafnarhreppi.

Lögreglustjórinn skal vera formaður dóms samkvæmt lögum nr. 41 frá 28. nóvember 1919 um landamerki o. fl. Sýslumaður Skaftafellssýslu skal þó vera formaður dóms þessa í málum varðandi mörk milli Hafnarhrepss og aðliggjandi jarða eða lóða.

Lögreglustjóri skal halda manntalsþing í Hafnarhreppi einu sinni á ári, en auk þess skal hann heyja aukadómþing, þegar þörf gerist.

2. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi lögreglustjórn í Hafnarhreppi. Undir hann heyra öll þau málefni, sem heyra almennt undir lögreglustjóra, þar á meðal skráning ökutækja.

3. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi tollgæslu og tollstjórn í Hafnarhreppi.

Hann skal innheimta í Hafnarhreppi öll þau gjöld, sem innheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að innheimta.

4. gr.

Auk framangreindra málaflokka skal lögreglustjóri í Hafnarhreppi fara með yfirfjárráð, annast notarialgerðir, skráningu firma og félaga, svo og annast önnur málefni, er venjulega heyra undir bæjarfógeta.

Í Hafnarhreppi skal eigi vera hreppstjóri, og skal lögreglustjóri annast störf þau, sem heyrt hafa undir hann.

5. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar vafaatriði, er upp kunna að koma, um valdmörk milli sýslumanns Skaftafellssýslu og lögreglustjórans í Hafnarhreppi.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 15 13. apríl 1973 um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu og tekur gildi 1. janúar 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. október 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.